

Stjórnarfundur 10 apríl 2017.

Mættir eru: Jón formaður, Sjonni gjaldkeri, Guðrún María ritari, Birna meðstjórnandi og Sveinn Val varamaður þar sem Hörður meðstjórnandi gat ekki mætt.

Rædd voru þau verk sem unnin hafa verið frá síðasta Aðalfundi og hvað verður lagt fyrir næsta fund. Ákveðið var að fundarboð yrði eingöngu send í netpósti, sms og auglýst á heimasíðu félagsins.

Sjonni fór yfir tekjur og gjöld rekstrarársins.

Hitaveita: Jón tekur sæti í stjórn hitaveitunnar fyrir hönd sumarhúsaeigenda núna í apríl í 1 ár.

Kosning til stjórnar: Stjórn tilbúin til að vinna saman áfram ef félagsmenn vilja.

Vinnulaun greidd til Einars og Benna vegna vatnsveitu.

Ljósleiðari: Þykir ansi dýr – 250.000.- tengigjald.

Girðing: Finna þarf nýjan aðila til að fara yfir girðingar.

Félagsgjald óbreytt, rætt um að setja ca 500.000 í vegagerð í sumar. Aðallega neðsti hluti vegarins, 2 ræsi inn á svæðum sett í forgang. Einar sér um.

Eitthvað þarf að skoða hvað hægt er að gera varðandi kindahliðin.

Vatnsveitan er komin á nafn félagsins og greiðum við af henni fast árgjald héðan í frá.

Hreppurinn hefur samþykkt hlið á veginn með fyrir vara um samþykki landeigenda og ríkis. Guðrún kannar hug landeigenda, Vegagerðarinnar og Samgönguráðuneytis.

Fundi slitið.

